

Eystrahorn

23. tbl. 39. árgangur

Miðvikudagurinn 16. júní 2021

www.eystrahorn.is

Fab Lab í vetur


Starfið í Fab Lab smiðju Hornafjarðar hefur á síðustu mánuðum komist í eðlilegt horf eftir langt framkvæmdatímabil og auðvitað heimsfaraldur sem hefur sett svip sinn á líf okkar allra. Fab Lab kennsla í grunnskólanum hefur gengið mjög vel sérstaklega sem kemur að þrívíddarteikningu og þrívíddarprentun. Guðjón Magnússon hefur tengt saman kennslu í Fab Lab og Dungeons & Dragons (D&D) vali þar sem nemendur læra um hlutverkaleiki. Þrívíddarprentun er mikið notuð til að prenta út persónur og byggingar í spilinu til þess að gera það sjónrænna fyrir þátttakendur. Það hefur gert það að verkum að sprenging hefur orðið í þrívíddarprentunum hjá þessum nemendum.

Hjá FAS hefur Aida séð um kennslu í smiðjunni en Aida kláraði Diplóma í Stafrænni framleiðslutækni á síðasta ári. Nemendur hafa verið að tengja smiðjuna við sitt nám með þrívíddarhönnun, þrívíddarprentun, límniðagerð og gera tilraunir með textíl í laser. Hópur í vöruhönnun bjó til svokallaðan Camera Slider sem er notaður til að fá ákveðin effekt í vídeó myndatökum.


Boðið var upp á ýmis námskeið í vetur eins og tvö Fab Lab byrjenda námskeið, námskeið í Sjálfbærri ræktun, námskeið fyrir fólk í atvinnuleit í samvinnu við Fræðslunetið—símennntun á Suðurlandi, róbótasmiði námskeið o.s.frv.

Verkefnið Sjálfbær ræktun hefur verið í undirbúningi lengi í Fab Lab smiðju Hornafjarðar. Verkefnið er fjölbætt kennsluverkefni um sjálfbærni, ræktun og tækni. Markhópur verkefnisins er áhugaræktendur, smærri matvælaframleiðendur í héraði og einnig nemendur grunnskóla og framhaldsskóla. Þetta verkefni verður kynnt frekar en sameiginlega er búið að sækja um styrki með Grósku og öðrum góðum samstarfsaðilum.

Þann 26. til 29. maí var haldið Fab Lab Bootcamp á Höfn þar sem allir Fab Lab stjórar og starfsmenn Fab Lab smiðja landsins komu saman, 15 manna hópur frá 8 smiðjum. Tilgangur hittingsins voru stefnumál fyrir Fab Lab Ísland, deila þekkingu okkar á



Almar Páll vinnur að róbóta - Lokaverkefni í 10 bekk GH.



Verkefni unnið af nemendum FAS í Fab Lab

milli og síðast en ekki síst hópefli. Farið var í gönguferð, haldin Karaoke keppni í Hlöðunni á Hala í Suðursveit, Fab Lab lag samið og tekið upp í Vöruhúsinu og borðaður góður matur á veitingastöðum bæjarins. Við viljum þakka öllum þeim sem tóku á mótí okkur, frábærir dagar. Eftir að hafa gert samning við ríkið til næstu þriggja ára höfum við hafið tækja uppbyggingu í Fab Lab smiðjunni. Búið er að kaupa nýjar öflugar tölvur í tölvuverið og nýjan 120 watta stóran laser. Einnig annan búnað sem tengist rafeindaverkstæðinu og róbótasmiðinni.

Það eru skemmtilegir tímar framundan í Fab



Lab og höldum við áfram að þróast í takt við nýja tíma.

Verið ávallt velkomin í Vöruhúsið.

Vinnumálastofnun á Höfn

Einstaklingar búsettir í pósnúmerum 780, 781 og 785 og eru á atvinnuleysisbótum eru nú skráðir hjá Vinnumálastofnun Suðurlandi. Búið er að ráða starfsmann og opna tímabundið útibú Vinnumálastofnunar að Hafnarbraut 27 á 1. hæð. Gert er ráð fyrir að útibúið flytji sig yfir í Nýheima í byrjun júlí.

Skrifstofan verður opin alla virka daga frá kl. 9:00 til kl. 12:00

Öllum er velkomið að líta við.





Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Tillaga að deiliskipulagi við Reynivelli II

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir tillögu að deiliskipulagi að Reynivöllum II skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmiðið með gerð deiliskipulagsins er að byggja upp ferðapjónustu, gistingu og/eða hótél. Nýtt þjónustusvæði VP45 liggur sunnan þjóðveggar og er í landi Reynivalla II. Gert verður ráð fyrir hóteli á svæðinu auk þjónustu við ferðamenn og heimamenn svo sem vöru- og eldsneytissölu auk ýmisskonar afþreyingu s.s. sölu á jökla- og gönguferðum, leiðsögn o.fl.

Tillagan var áður auglýst frá 29. janúar til 11. mars 2020. Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun, HAUST, Vegagerðinni, Náttúrustofu Suðausturlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun og Veðurstofunni. Á grundvelli umsagna var unnið mat á flóðahættu á svæðinu. Brugðist hefur verið við athugasemdum sem fram komu á auglýsingartíma. Þar sem meira en ár er liðið frá auglýsingu deiliskipulagsins þarf að auglýsa aftur.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 og á heimasíðu sveitarfélagsins frá og með 15. júní til 29. júlí 2021.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagið til **29. júlí 2021**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is.

*Brynja Dögg Ingólfsdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Grenndarkynning – Krosseyjarvegur 6

Óskað hefur verið heimildar til að byggja úrgangsolúgeymi á lóð Krosseyjarvegur 6. Fyrirhugað er að koma fyrir 60m³ tvöföldum stálgeymi við hlið áfylliplans stöðvarinnar og lagnir tengdar frá geymi inn á planið.

Þar sem ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag af svæðinu er hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaðar framkvæmdir skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal athugasemdum komið til skila á netfangið skipulag@hornafjordur.is eigi síðar en **15. júlí 2021**.

Nánari upplýsingar og teikningar má finna á www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

*Brynja Dögg Ingólfsdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



Kæru eldri borgarar á
Hornafirði.

Við minnum á skráningu í sumarferðina.

Farið verður á Djúpavog og meðal annars verður steinasafnið skoðað. Á heimleiðinni verður stoppað á Geitabóli hjá Stínu og þar verða veitingar og Ekrubandið slær á léttu strengi.

Gjald á mann verður kr. 2000,- .

Skráning er hjá effirtöldum,

Pálína, s: 478-1419. Hrafn, s: 478-1426 / 869-0192. Hafdís, s: 478-2447 / 866-0050

*Húsgagna-
val*
Húsgögn og gjafavörur

**Hlífðardýnur og lök
í öllum stærðum**

Svefn & heilsa
★★★★★

Þú getur fengið draumarúmið þitt hjá okkur.

Erum með mikið úrval af rúmum og dýnum í öllum stærðum og gerðum. Góð verð.

Einnig full búð að fallegum gjafavörum, potta blómum og inni- og útipottum.

Verið velkomin

Símar: 478-2535 / 898-3664

Opið: virka daga kl. 13:00 - 18:00



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns ?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Israel Martin nýr þjálfari meistaraflokks karla



Á sunnudag flaug Israel Martin til Hafnar og skrifaði undir þriggja ára samning við Körfuknattleiksdeild Sindra. Hann er þar með nýr þjálfari meistaraflokks karla ásamt því að vera yfirþjálfari yngri flokka og mun koma að þjálfun þeirra.

Israel er mikill hvalreki fyrir Körfuknattleiksdeildina og fyrir Höfn sem samfélag. Hann flytur hingað ásamt konu sinni Cristina Ferreira og tveimur sonum, sex og þriggja ára. Til gamans má geta að Cristina er fyrrum atvinnukona í blaki og spilaði meðal þeirra allra bestu í Evrópu um árabil. Israel kom fyrst til Íslands árið 2014 og var þá þjálfari Tindastóls í körfubolta á Sauðárkróki. Hann hefur þjálfað þrjú tímabil á Sauðárkróki þar sem hann skilaði liðinu í úrslit Íslandsmótsins 2015 og bikarmeistaratitli árið 2018. Þá var hann valinn þjálfari ársins í úrvalsdeildinni árið 2015.

Auk þess var hann eitt ár hjá danska stórveldinu Bakken Bears þar sem hann var danskur bikarmeistari, spilaði til úrslita um danska titilinn og var í kjölfarið valinn þjálfari ársins þar í landi. Síðustu tvö ár var hann þjálfari Hauka í Hafnarfirði ásamt því að vera landsliðsþjálfari U20 ára karla og er starfandi landsliðsþjálfari U18 ára karla.

Israel Martin og fjölskylda eru væntanleg til Hafnar í byrjun ágúst en Israel hefur nú þegar hafist handa við að setja saman liðið og munum við tilkynna nánar um þau mál um leið og ákvarðanir liggja fyrir.

Með ráðningunni teljum við félagið senda út skýr skilaboð um að það ætli að láta kné fylgja kviði eftir árangur síðasta árs. Ráðningin er merki um þann metnað sem stjórn félagsins vill að einkenni starfið og áður en langt um liður er ætlunin að Höfn í Hornafirði eigi lið í deild þeirra bestu. Við bjóðum Israel Martin hjartanlega velkominn til starfa og við hlökkum mikið til að halda áfram uppbyggingu á körfuboltaþænum Höfn.

Áfram Sindri!

Kvískerjasjóður úthlutar styrkjum ársins 2021



Veðurstofan/Árni Sigurðsson

Nýlega úthlutaði Kvískerjasjóður styrkjum ársins 2021. Sautján umsóknir bárust og hlutu tólf verkefni styrk að þessu sinni. Hlutverk Kvískerjasjóðs er að stuðla að og styrkja rannsóknir á náttúru- og menningarminjum í Austur-Skaftafellssýslu. Frá upphafi hefur sjóðurinn stutt við margvísleg metnaðarfull verkefni sem bæði eru mikilvægt framlag inn í vísindaheiminn en ekki síður munu þau geta gagnast til að styrkja framþróun byggðar í Austur-Skaftafellssýslu. Á heimasíðu Kvískerjasjóðs verður eftir því sem mögulegt er og í samráði við styrkþega hægt að nálgast upplýsingar um niðurstöður verkefna. Það er mat sjóðsstjórnar að Kvískerjasjóður hafi sannað gildi sitt, verið hvati að margvíslegum rannsóknum í Austur-Skaftafellssýslu og þannig stuðlað að framhaldi þess umfangsmikla vísindastarfs systkinanna á Kvískerjum sem honum var ætlað við stofnun 2003. Verkefni sem hlutu styrk eru:



- Endurhönnun Kvískerjavirkjunar
- Kortlagning Jökulsárlóns með fjölgeisladyptarmælingum
- Landnám lífs við hörfandi jökla og fyrstu visar að samfélögum plantna og örvera
- Stafafura (Pinus contorta) í Austur-Skaftafellssýslu – mat á ágengni
- Kortlagning undirdjúpanna
- Skúmanjósnið – hvað étur skúmurinn og hver étur skúminn?
- Tröllasmiður – kortlagning útbreiðslu
- GPS merking á helsingja
- Breiðamerkurjökull – landslagsþróun á komandi öld
- Hruftjallstindar: Remote sensing geological survey of the flank and interior of Öraefajökull volcano
- Í ríki Vatnajökuls
- Endurminningar Guðjóns R. Sigurðssonar

Nánari upplýsingar um verkefni má finna á vefsvæði Kvískerjasjóðs, www.kviskerjasjodur.is. Þar er einnig hægt að finna upplýsingar um verkefni sem áður hafa verið styrkt af sjóðnum.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Garðsláttur



Ellí- og örorkulífeyrisþegar og notendur félagslegrar heimaþjónustu, eiga rétt á garðslætti sem er niðurgreiddur fjórum sinnum yfir sumartímann.

Þeir sem vilja nýta sér þjónustuna eru beðnir að hafa samband við afgreiðslu sveitarfélagsins afgreidsla@hornafjordur.is og síma 470 800



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

21., 22. og 23. júní.

Tímappantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 18. júní.

Næsta skoðun 12., 13., og 14. júlí.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Vatnajökull Dekk verður til



Til vinstri: Guðbrandur ásamt Sölva Þór að sækja bilaðan bíl upp í Lón. Til hægri: Nýja Setra rútan er glæsileg að sjá

Þann 8. júní urðu eigendaskipti á dekkjaverkstæði Vatnajökull Travel þegar Guðbrandur Jóhannsson, sem verið hefur með rekstur í Bugðuleiru 2 í 15 ár, afhenti Sölva Þór Sigurðarsyni lykklana að húsnæðinu.

Sölvi Þór tekur við húsnæðinu og rekstri dekkjaverkstæðisins sem nú verður rekið undir nafninu Vatnajökull Dekk.

Fyrirtækið mun sinna dekkjaþjónustu fyrir allar gerðir ökutækja og bjóða áfram uppá vegaaðstoð.

Guðbrandur mun áfram reka hópferðabílaþjónustu hjá Vatnajökull Travel. Nýverið festi Guðbrandur kaup á nýrri 50 manna Setra sem er þriðja rútan í flota hans og getur hann

því flutt um 200 manns með bílum sínum. Fyrirtækið sinnir skemmtiferðaskipum sem og öðrum fólksflutningum.

Sölvi Þór hefur starfað hjá Guðbrandi í fjögur ár og segist spenntur fyrir framtíðinni. “Það er komin mikil reynsla hér hjá Vatnajökull Dekk og ég hlakka til að þjónusta Hornfirðinga og aðra sem eiga leið um svæðið.”

Guðbrandur og Kristín vilja nota tækifærið og þakka öllum nær og fjær fyrir viðskiptin á liðnum árum á sama tíma og þau óska Sölva og heimamönnum til hamingju með Vatnajökull Dekk.



Leikskólinn Sjónarhóll á Höfn í Hornafirði auglýsir eftir leikskólakennurum og leikskólaleiðbeinendum með M.Ed eða B.Ed í leikskólakennarafræðum eða öðrum uppeldisfræðigreinum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara eða leiðbeinanda þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismenntun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Laun eru greidd samkvæmt samningum launaneftdar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 29. júní næstkomandi

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólastjóra á netfangið mariannaj@hornafjordur.is.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Leikskólinn Sjónarhóll auglýsir eftir yfir matráð í eldhús

Helstu verkefni:

Að elda næringarríkan, góðan og öruggan mat við hæfi barna í samræmi við leiðbeiningar landæknis. Panta inn alla matvöru og hreinlætisvörur. Versla inn alla matvöru og hreinlætisvörur og sinna erindum eftir þörfum í samráði við leikskólastjóra. Auk þess að annast frágang, þvo þvott og ganga frá honum. Gera matseðla og setja þá inn á heimasíðu leikskólans.

Hæfniskröfur:

- Reynsla sem matráður eða af öðru sambærilegu starfi.
- Reynslu í stjórnun æskileg
- Frumkvæði, skipulagshæfni og drifkraftur í starfi.
- Sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Tölvukunnátta mikilvæg
- Góð íslenskukunnátta

Laun greidd samkvæmt samningum launaneftdar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf þann 10. ágúst næstkomandi.

Umsóknarfrestur er til 29. júní næstkomandi

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólastjóra á netfangið: mariannaj@hornafjordur.is

Sandfellsleið á Öræfajökul - Sandfellsskáli



Á ári hverju flykkjast fjallagarpar í Öræfin í leit að ævintýrum og áskorunum. Hvannadalshnjúkur (2110 m) er markmið margra en þangað fara líklega um 1000 manns um svokallaða Sandfellsleið á ári hverju. Leiðin er ein lengsta dagleið á tind sem farin er í gjörvallri Evrópu, 25 kílómetrar með 2000 metra hækkun og lækkun. Sökum þessa er leiðin ekki á færi allra og á vorin eru björgunarsveitir oft kallaðar út til aðstoðar og björgunar.

Önnur lönd um heim allan stytta dagleiðir á krefjandi tinda með fjallaskálum, kláfum og lestum. Skáli á Sandfelli í 1100 metra hæð við jökulbrún myndi bjóða upp á breytta ferðamennsku á Öræfajökul og auka öryggi fjallafólks. Í dag er ganga á Öræfajökul í boði fyrir mjög takmarkaðan hóp, en með skála á Sandfelli væri hægt

að breikka markhóp fjallsins til muna og t.d. bjóða barnafjölskyldum að upplifa lífið í fjallaskála og ævintýri Öræfajökuls. Eins myndi fjallaskáli gagnast námskeiðum, hvort sem það væru námskeið fyrir almenning, björgunarsveitir, leiðsögufolk að ógleymdu Fjallamennskunámi FAS sem hefur blómstrað undanfarið ár og dregið fjölda fólks í sveitarfélagið. Fjallaskáli á Sandfelli myndi lengja tímabilið sem hægt er að ganga á Öræfajökul og hvetja fólk til að verja meiri tíma á svæðinu. Síðast myndi fjallaskáli bæta öryggi á fjallinu og væri þar með mikil búbot fyrir björgunarsveitir á svæðinu. Fjallaskálinn væri einn og sér áfangastaður og þaðan væri hægt að halda í allskyns fjölbreyttar dagleiðir. Eins er vert að hafa í huga þann úrgang sem safnast upp á fjallinu, þá sérstaklega í 1100 metrum þar

sem lengsta stoppið á 11-15 tíma leið er tekið. Öræfin og sveitarfélagið hafa um aldir verið þekkt fyrir jökla og fjalllendi sitt. Með fjallaskálum í fjallendi okkar staðfestum við í hugum margra Öræfin og sveitarfélagið allt sem helstu miðstöð fjallamennsku á landinu sem mun laða að innlenda og erlenda ferðamenn sem myndu eiga lengri dvöl á svæðinu með tilheyrandi tekjuaukningu. Upphafspunktur verkefnisins er að byggja skála á Sandfelli enda er leiðin ein fjölsóttasta gönguleið landsins og leiðir upp á hæsta tind Íslands. Að því loknu legg ég til að við hefjum nýtt tímabil fjallaskála og bætum aðgengi í fagurt fjallendið okkar með fjallaskálum á vel völdum stöðum.

Íris Ragnarsdóttir Pedersen

Starfsmenn í veiðarfæragerð

Skinney – Þinganes hf. óskar eftir kraftmiklum og duglegum einstaklingum í störf hjá veiðarfæragerð félagsins á Höfn.

Öll kyn eru hvött til að sækja um störf.

Áhugasamir eru beðnir um að senda starfsúmsókn í tölvupósti á netagerd@sth.is

Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar um starfið hjá Friðriki Þór Ingvaldssyni í síma 869-0422 eða netagerd@sth.is

Stöðvarstjóri á Höfn

Pósturinn óskar eftir að ráða stöðvarstjóra til að leiða starfsemi Póstsins á Höfn í Hornafirði.

Umsóknarfrestur er til og með **30. júní 2021**. Sótt er um starfið á umsóknarvef Póstsins, www.posturinn.is/atvinna. Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kjartan Flosason, í netfanginu kjartan@postur.is.

Bréfberi á Höfn

Pósturinn leitar að kraftmiklum og ábyrgðarfullum bréfbera á Höfn í Hornafirði.

Umsóknarfrestur er til og með **23. júní 2021**. Sótt er um starfið á umsóknarvef Póstsins, www.posturinn.is/atvinna.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Vigfús Vigfússon, vigfusv@postur.is.



Félagsleg virkni eldri borgara

Nú þegar flestir hlutir í daglegu lífi fólks er að komast í eðlilegan farveg eftir heimsfaraldur, er sérstaklega ánægjulegt að Sveitarfélaginu Hornafirði auðnaðist að fá styrk frá Félagsmálaráðuneytinu „sem nýta á til að auka við og bæta félagslega þætti eldri borgara. Styrkurinn nær til allra 67 ára og eldri og er markmiðið að ýta undir frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og þar með auka lífsgæði, heilbrigði, fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun.

Leitað var til Félags eldri Hornfirðinga þessu tengdu og komu fjölmargar góðar hugmyndir um hvernig nýta mætti þennan styrk sem best.

Þessar fimm hugmyndir urðu efstar á blaði:


- Dagsferð í Alftafjörð, Djúpavog og Steinasafn.
- Heimsókn á listasýningu Hlyns Pálmasonar með leiðsögn
- Námskeið í minigolfi
- Íþróttamót með sérvöldum íþróttagreinum sem flestir geta tekið þátt í. Og verður haldið í nágrenni við húsnæði eldri borgara.
- Stutt nestisferð

Allir viðburðir verða kynntir síðar með dagsetningu. Hafa ber í huga að þessir viðburðir eru unnir að miklu leyti af félagi eldri Hornfirðinga en er öllum eldri borgurum í boði.

Hvetjum við alla eldri borgara að nýta sé þessa viðburði með það að markmiði að njóta lífsins í góðum félagsskap

*Sindri Ragnarsson
Verkefnastjóri virkniúrræða
Sveitarfélaginu Hornafirði*

Humarhátíð



Föstudagur 25. júní

- 15:00 - Djass kvartettinn Gola - bókasafnið í Nýheimum
- 18:00 - Fjölpjóðældhús á Hafinu

Laugardagur 26. júní miðsvæðis

- 14:00 - 18:00 Hoppukastalar
- 14:00 - Skottisala ([skráning eyrunh@hornafjordur.is](mailto:skraningeyrunh@hornafjordur.is))
- 14:00 - Lalli Töframaður
- 14:20 - Sigurvegari Hugmyndasamkeppninar "Myndatökusvæði á Höfn" kynntur
- 14:30 - Fimleikafélagið - sýning
- 15:00 - Hæfileikakeppni gæludýra ([skráning eyrunh@hornafjordur.is](mailto:skraningeyrunh@hornafjordur.is))
- 15:30 - Húlladúlla
- 17:00 - Húllahringjasmíðja í Nýheimum (3000 kr. þátttaka í smíðju)
- 18:00 - Humarganga og pallapartý ([skráning eyrunh@hornafjordur.is](mailto:skraningeyrunh@hornafjordur.is))
- 20:00 - Addi trúbador



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Leikskólinn Sjónarhóll auglýsir eftir matráð í eldhús

Helstu verkefni:

Að elda næringarríkan, góðan og öruggan mat við hæfi barna í samræmi við leiðbeiningar landæknis í samráði við yfirmatráð. Auk þess að annast frágang, þvo þvott og ganga frá honum.

Hæfniskröfur:

- Reynsla sem matráður eða af öðru sambærilegu starfi.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og drifkraftur í starfi.
- Sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Góð íslenskukunnátta

Laun greidd samkvæmt samningum launanevndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf þann 10. ágúst næstkomandi.

Umsóknarfrestur er til 29. júní næstkomandi
Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólastjóra á netfangið: mariannaj@hornafjordur.is